

Úthlutunarreglur

Námssjóðs Sameinaðra verktaka hf. við Háskólann í Reykjavík

1. gr.

Umsækjendur sem til greina koma við styrkveitingar úr sjóðnum eru eftirtaldir samkvæmt 8. grein skipulagsskrár fyrir námssjóðinn:

1. Nemendur sem lokið hafa námi og hafa fengið námsvist við menntastofnun sem veitir hærri prófgráðu í grein viðkomandi.
2. Nemendur í tæknifræði, tölvunarfræði eða verkfræði sem eiga eitt misseri eftir.
3. Nemendur sem lokið hafa sams konar hluta hliðstæðs náms, sem síðar kann að verða kennt við skólann.

2. gr.

Umsóknir skal meta út frá eftirfarandi þáttum:

1. Námsárangur umsækjanda,
Horft skal til meðaleinkunnar nemenda og frumkvæðis og áræðni.
2. Staða í námi (sbr. 7. grein stofnsamnings)
Að öðru jöfnu ganga þeir umsækjendur fyrir sem komnir eru næst námslokum.

Berist ekki umsóknir sem stjórn sjóðsins telur styrkhæfar er heimilt að hafna styrkumsókn (sbr. 9. grein stofnsamnings).

3. gr.

Umsóknir skal auglýsa á áberandi hátt á tilkynningatöflum skólans eigi síðar en mánuði áður en umsóknarfrestur rennur út.

Umsóknarfrestur er til 20. desember og 20. maí ár hvert.

Úthlutun námsstyrkja fer fram í janúar og júní. Öllum umsóknum er svarað.

Hver umsækjandi getur aðeins fengið úthlutun úr sjóðnum einu sinni.

Umsækjendur þurfa að sækja um styrki á sérstökum eyðublöðum sem fást á skrifstofu skólans.

Með umsókn skal fylgja staðfest afrit af námsferilsblaði.

Stjórn námssjóðs Sameinaðra verktaka við Háskólann í Reykjavík.

Ari K Jónsson, formaður

Hera Grímsdóttir,

Ágúst Valfells